

101. fundur stjórnar Fræðslunets Suðurlands, haldinn í Iðu 26.09.12 kl. 16.30.

Mætt eru: Þór Hreinsson, Guðríður Aadnegard, varamaður Magðalenu Jónsdóttur, Gunnar Bragi Þorsteinsson og Gylfi Þorkelsson sem ritaði fundargerð. Ingvar Pétur Guðbjörnsson boðaði forföll og ekki náðist í varamann hans í tíma.

Dagskrá:

1. Leigusamningur við Sveitarfélagið Árborg um Sandvíkursetur, til staðfestingar.

Framkvæmdastjóri kynnti samninginn sem skrifað hefur verið undir. Háskólafélagið er formlega séð leigutakinn. Hið leigða húsnæði er rúmlega 1600 m² og leiguupphæðin er stighækkandi, frá 9 milljónum fyrsta árið upp í 13 milljónir frá og með 4. ári samningsins og til loka, en samningurinn er til 10 ára. Stjórn staðfestir samninginn.

2. Stofnbúnaður í Sandvíkursetri.

Unnið er að því að skipta hlutföllum milli stofnana vegna kaupa á stofnbúnaði og útfæra nánar kaupin. Stjórn felur fram.kv.stj. að leita tilboða í húsgögn og annan nauðsynlegan búnað.

3. Námskeið á haustönn 2012.

Fr.kv.stj. kynnti. Haustönn fer dræmar af stað en oft áður. Reynslan sýnir það sama á öðrum símenntunarstöðvum. Þrátt fyrir það er starfsemin mikil, mörg námskeið og flest vel sótt og innritun í sum námskeið stendur enn yfir. Sérstaklega er blússandi gangur í námskeiðahaldi fyrir fatlað fólk sem Fræðslunetið sér nú um skv. samningi við Fjölmenn. Heilmikil umræða skapaðist um námsframboð Fræðslunetsins og möguleikana til framtíðar, með t.t. nærsamfélagsins og þjóðfélagspróunar.

4. Vísinda- og rannsóknarsjóður Suðurlands. Nýtt 5 ára tímabil.

Til kynningar. Styrkjendum hefur fjölgað og styrkuppheðin hækka á þessu nýja 5 ára tímabili.

5. Umsókn um viðurkenningu fræðsluaðila (á grundvelli laga um framhaldsfræðslu).

Fr.kv.stj. kynnti. Stjórn FnS þarf að gefa út yfirlýsingar um starfsemi stofnunarinnar, sem fylgja þurfa umsókninni. Yfirlýsingarnar snúa að námsöryggi nemenda og upplýsingum til Mmrn. um starfsemi Fræðslunetsins. Stjórn felur formanni að undirrita yfirlýsingarnar f.h. stjórnar.

6. Gæðahandbók Fræðslunetsins.

Fr.kv.stj. kynnti. FnS hefur verið að síga inn í gæðastaðal sem fræðslumiðstöðvarnar hafa tekið upp. Vinna við þetta er í fullum gangi og fyrir liggja drög að gæðahandbók innan stofnunarinnar. Drögin verða til vinnslu áfram.

7. Styrkir frá mmrn. til eflingar starfsmenntunar 2012-2013.

Fr.kv.stj. kynnti. Mmrn. auglýsti eftir umsóknum um styrki til eflingar starfsnáms á skólaárinu 2012-2013. FnS sótti um fjóra styrki en fékk þrjá, samtals um 6 milljónir, einn af þeim til menntunar fatlaðs fólks, annar til að greina námsþarfi fatlaðs fólks hjá Fræðslunetinu. Þriðji styrkurinn fékkst til að kanna námsþarfir fullorðins fólks á Suðurlandi sem hefur verið í námi eða ráðgjöf hjá Fræðslunetinu. Vonast er til að sú vinna gagnist til að skipuleggja námsframboð í framtíðinni.

8. Önnur mál.

Fr.kv.stj. upplýsti að hann hefði skrifað, ásamt Esther Óskarsdóttur fjármálastjóra HSu, grein í tímaritið Gátt um samstarf stofnananna um fagnám í heilbrigðisþjónustu. Náms- og starfsráðgjafar Fræðslunetsins skrifa líka greinar í þetta hefti Gáttar sem kemur út á næstu vikum.

Vinna við staðfestingu á breytingum á skipulagsskrá FnS hefur gengið hægt. Tafir hafa orðið á verkinu hjá þeim stofnunum sem þurfa að samþykkja breytingarnar. Vonir standa til að skipulagsskráin verði tilbúin alveg á næstunni.

Fundi slitið kl. 18.30